



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 1

Dags.: 25. september 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **NExBTL**
- 1.2. Tilgreind notkun** Eldsneyti. Milliefni.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
- Sími:** 515 1000
Netfang: olis@olis.is
Veffang: www.olis.is
- 1.4. Neyðarsímanúmer**
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-FLOKKUN Eit. v. ásvelg. 1; H304

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki



- Viðvörunarorð** Hætta
- Hættusetningar (CLP)** H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- Varnaðarsetningar (CLP)** P301+P310 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P331 – Ekki framkalla uppköst.
P501 – Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndum förgunaraðila.
- Aðrar setningar** EUH066 – Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda
Blanda

| Efnispáttur | Efnakenni | Magn % | CLP-flokkun |
|-----------------------------|---------------------------------------|--------|-------------------------|
| Endurnýjanleg vetniskolefni | CAS#: - REACH#: 2119450077-42-0000 | ~100 | Eit. v. ásvelg. 1; H304 |

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

- Eftir innöndun** Ólíklegt til að valda váhrifum við innöndun vegna lágs gufubrýstings við venjulegt hitastig. Eftir innöndun úða eða ýrings, færið viðkomandi í ferskt loft og í stellingu sem léttir öndun. Leitið lækni ef einkenni vara.
- Eftir snertingu við augu** Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni ef einkenni vara eftir skolun.
- Eftir snertingu við húð** Skolið húðina með sápu og vatni eða viðurkenndum húðhreinsi. Fjarlægjið fót og skó sem óhreinast af efninu. Hendið óhreinuðum fatnaði og skóm eða þvoði vel fyrir næstu notkun. Leitið lækni ef einkenni vara.
- Eftir inntöku** Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni strax.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Endurtekin váhrif geta valdið þurri eða sprunginni húð. Innöndun úða eða ýrings getur valdið ertingu í öndunarfærum. Ef efnið berst í lungun eftir inntöku eða uppköst getur það valdið lungnabólgu af völdum efna.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlið einkenni.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

Óviðeigandi Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Hætta Gufur við hitaniðurbrot geta myndað eldfima/sprengifima blöndu við loft.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Afmarkið og rýmið svæðið strax í tilviki bruna. Kælið ílát með vatnsúða.

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Notið viðeigandi persónuhlífar fyrir hvert verk. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá. Fjarlægjið íkveikjugjafa ef mögulegt án áhættu. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Forðist losun út í umhverfið. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Forðist dreifingu leka og að hann berist í vatnsfarvegi, niðurföll og holræsi. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Getur valdið jarðvegs- og grunnvatnsmengun.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæði. Safnið með hvarftregu efni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæðinu. Hindrið að berist í holræsi, vatnsfarvegi, kjallara eða lukt rými. Heftið og safnið leka með vökvabindandi ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít, kísilgúr og setjið í ílát til förgunar í samræmi við gildandi lög og reglur. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Haldið fjarri hita, eldi og öðrum íkveikjugjöfum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Meðhöndlið aðeins í vel loftræstu rými. Varist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. auðsynlegt er að lesa og skilja allar leiðbeiningar áður efnið er notað.

Hreinlæti Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.

7.2. Örugg geymsluskiyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í upprunalegum umbúðum á köldum og þurrum stað.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði Hugði að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif Váhrifamörk á vinnustað

| Efni | 8 klst. TWA | Skammtíma | Upplýsingar |
|----------------------------------------|-----------------------|-----------|-------------|
| Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil) | 100 mg/m ³ | - | ACGIH |

DNEL

| Hópur | Íkomuleið | Váhrif | Gildi |
|-------------|-----------|-----------------|-----------------------|
| Starfsmaður | Innöndun | Langvinn, altæk | 147 mg/m ³ |
| Starfsmaður | Húð | Langvinn, altæk | 42 mg/kg-líkamsþ./dag |
| Neytandi | Innöndun | Langvinn, altæk | 94 mg/m ³ |
| Neytandi | Húð | Langvinn, altæk | 18 mg/kg-líkamsþ./dag |

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Hafið samband við Staðlaráð Íslands fyrir frekari upplýsingar um staðla. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo.

Til hlífðar augum

Notið viðurkennd öryggisgleraugu (EN166).

Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnapolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnapolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út. Lágmarks gegnþrengingartími: 4 klst.

Til hlífðar öndun

Ráðlagt efni í hönskum: nitríl, neópren, PVC.

Tryggið góða loftræstingu. Notið öndunargrím með síu (A2/P2) (EN141).

Til verndar umhverfi

Notið ferskloftstæki ef loftræstingu er ábótavant.

Losið ekki í yfirborðsvatn eða holræsi.

Fylgið gildandi umhverfisverndarlöggjöf um takmarkanir á losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

| | |
|------------------------|--------------------------------------------------------------|
| Útlit | Vökvi |
| Litur | Tær |
| Lykt | Mild |
| Lyktarþröskuldur | Engin gögn |
| pH-gildi | Engin gögn |
| Bræðslumark | <-20°C við 1013 hPa |
| Frostmark | Engin gögn |
| Suðumark | 180-320°C |
| Blossamark | >61°C |
| Uppgufunarhraði | Engin gögn |
| Eldfimi (fast, gas) | Á ekki við |
| Sprengimörk | |
| -neðri | Engin gögn |
| -efri | Engin gögn |
| Gufuþrýstingur | 0,087 kPa við 25°C |
| Eðlisþyngd | 0,77-0,79 g/cm ³ við 15/20°C |
| Deilistuðull | log Kow: >6,5 |
| Leysni | Óleysanlegt í vatni; leysanlegt í metanóli og vetniskolefnum |
| Sjálfsíkveikjuhitastig | 204°C |
| Niðurbrotshitastig | - |
| Skriðseigja | ≤5mPa.s við 20°C |
| Eðlisseeigja | 4,0 mm ² /s við 20°C |
| Oxunareiginleikar | Ekki flokkað með oxunarefnum |
| Sprengieiginleikar | Ekki talið sprengifimt. |

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin hættuleg hvörf þekkt.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt við venjulega notkun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin hættuleg hvörf þekkt.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, eldur, neistar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við ráðlagða notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

| | |
|------------------------------|-------------|
| LD50 Rotta, inntaka, 4 klst. | >2000 mg/kg |
| LD50 Kanína, húð | ≥2000 mg/kg |

Húðerting/-æting Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.

Augnerting/-æting Ekki flokkað.

Næming Ekki flokkað.

Stökkbreytandi áhrif Ekki flokkað.

Krabbameinsvaldandi áhrif Ekki flokkað.

Eiturhrif á æxlun Ekki flokkað.

Eiturhrif á þroskun Ekki flokkað.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri Ekki flokkað.

Ásvelgingarhætta Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Bráð eiturhrif

| | | |
|------|--------------------------------|------------|
| LL50 | Fiskur, 96 klst. | >1000 mg/l |
| EL50 | Vatnahryggleysingjar, 48 klst. | >100 mg/l |
| EL50 | Þörungur, 72 klst. | >100 mg/l |
| EC50 | Virk eðja, 30 mín/3 klst. | >1000 mg/l |

Langvinn eiturhrif

| | | |
|------|--------------------------------|-----------|
| NOEC | Vatnahryggleysingjar, 21 dagur | 1 mg/l |
| LOEC | Vatnahryggleysingjar, 21 dagur | 3642 mg/l |

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Brotnar greiðlega niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Getur safnast upp.

Deilistuðull log Kow: >6,5

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Gufar hægt upp. Óleysanlegt í vatni. Binst jarðvegi. Log Koc: >5,6.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

| | |
|---------------------|---------------------|
| UN-númer (ADR/RID) | 1202 |
| UN-númer (IMDG) | Ekki flokkað. |
| Rétt sendingarheiti | UN 1202 DIESEL FUEL |
| Hættuflokkur | 3 |
| Hættuauðkennisnúmer | 30 |
| Pökkunarhópur | III |
| Flokkur | F1 |
| Takmarkað magn | 5L |
| Undanþegið magn | E1 |
| Gangakóði | (D/E) |

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Efnaöryggismat liggur fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

| | |
|----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| CLP | H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. |
| Skammstafanir | ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. LD50: Miðgildisbanaskammtur. LC50: Miðgildisbanastyrkur. NOEC: Styrkur sem hefur engin merkjanleg áhrif. LOEC: Minnsti styrkur sem hefur merkjanleg áhrif. |

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

| | |
|-----------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| Endurskoðun | 25. september 2015. |
| Útgáfa | 1 |
| Gert þann | 17. mars 2016. |
| Þýðing og uppsetning | Reynir Hjálmarsson |
| Heimild | Neste Renewable Fuels Oy, SDS@neste.com |